

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*

Það sem af er þessu ári hefur starfsfólki fjármálaráðuneytisins og undirstofnana þess á höfuðborgarsvæðinu fækkað um 22. Munar þar mest um að 11 starfsmenn Lánasýslu ríkisins létu af störfum þegar stofnunin var lögð niður 1. október sl. Þar af fluttust 5 starfsmenn Lánasýslunnar til Seðlabanka Íslands sem yfirtók verkefni stofnunarinnar. Þá hefur fækkað um 7 starfsmenn hjá embætti ríkisskattstjóra það sem af er árinu og 4 hjá Fasteignamati ríkisins í Reykjavík.

Örlítill fjölgun starfsfólks hefur átt sér stað á landsbyggðinni það sem af er þessu ári. Á starfsstöð Fasteignamats ríkisins á Akureyri hefur fjölgað um einn starfsmann og einnig hefur fjölgað um einn starfsmann á starfsstöð stofnunarinnar á Selfossi vegna aukins umfangs í umdæmum stofnunarinnar.

2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Ekki liggur fyrir áætlun um fjölgun starfa á landsbyggðinni á næsta ári. Eins og undanfarin ár mun fjármálaráðuneytið halda áfram að kanna með skipulögðum hætti kosti þess að koma á fót eða flytja verkefni á ábyrgðarsviði ráðuneytisins undir stofnanir þess á landsbyggðinni með það fyrir augum að efla starfsemi þar.